

Kjarasamningur milli
Félags atvinnurekenda og
VR og Landsambands íslenzkra verzlunarmanna

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning VR og Landsambands íslenzkra verzlunarmanna annars vegar og Félags atvinnurekenda hins vegar.

2. gr.

Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á Lífskjarasamningi aðila sem gildi frá 2019 til 2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarkskrónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka laun almennri hækkun um 6,75%, þó þannig að hámarkshækkun á mánaðarlaun er kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022. Aðrir launaliðir hækka um 5% nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót miðað við fullt starf kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og er hann að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.




3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga þriðjudaginn 21. desember 2022.

Reykjavík 13. desember 2022


F.h. VR



F.h. Félags atvinnurekanda



F.h. Landssambands íslenskra verzlunarmanna



Lágmarkslaun

1. nóvember 2022 442.101 kr.

Bókun um tollamál

Aðilar sammælast um að óska eftir því við stjórnvöld að farið verði í vinnu við að afnema og lækka tolla í þágu neytenda. Lækkun tolla er ein skilvirkasta leiðin til að bæta hag launþega. Að mati samningsaðila væri góð byrjun að afnema tolla sem vernda enga hefðbundna innlenda landbúnaðarframleiðslu.

Verkátun

Með framlengingu Lífskjarasamningsins til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Vinna við bókanir	Er hafið	10. febrúar 2023
Efnisatriði samnings, skerpa og yfirlestur	Er hafið	10. febrúar 2023
Yfirferð annarra verkþátta	3. nóvember 2022	15. desember 2023